

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8
150 Reykjavík

4.12.2023

Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíð og umgjörð þeirra.

ÖBÍ fagnar og tekur undir þingsályktunina. Öll börn eiga að hafa aðgang að skólamáltíðum óháð fjárhagsstöðu forráðamanna þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að endurgjaldslausar skólamáltíðir og bætt næring hefur jákvæð áhrif á námsárangur, heilsu og dregur úr ójöfnuði meðal barna. Skólamáltíð er mótandi vettvangur þar sem unnt er að fyrirbyggja óæskilegar matarvenjur og draga þannig úr heilsufarsvandamálum tengdum óæskilegum matarvenjum. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun má rekja aukna offitu barna m.a. til aukinnar neyslu orkuríkrar á fæðu sem er rík af fitu og sykri. Mikilvægt er að huga að forvörnum með stefnumótun á vettvangi skólans og ná þannig til foreldra og barna. Þannig er hægt að vinna að því að hafa áhrif á matarsíði barna, upplýsa þau og stuðla að jákvæðu hugarfari gagnvart heilsusamlegri fæðu.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,


Alma Ýr Ingólfsdóttir
formaður ÖBÍ


Andrea Valgeirsdóttir
lögræðingur ÖBÍ – réttindasamtaka